

VALA OG VINIR HENNAR.

Bls. 4.

Hvað heitir þessi stelpa?

Hvernig er hárið hennar á litinn?

Hvernig eru augun hennar á litinn?

Hvernig er húsið hennar á litinn?

Hvar er húsið hennar?

Bls. 6.

Hvað vex við húsið hjá Völu?

Hvað á Vala úti í garði?

Hvað er pabbi að gera?

Hvað er Vala að gera?

Bls. 8.

Hver á fínt bú úti í kofa?

Hver er að raða dóti í búíð sitt?

Hvað á Vala?

Kemur pabbi út í kofa til Völu?

Hvað er mamma með?

Bls. 10.

Hvar á Óli heima?

Er Óli stelpa eða strákur?

Eru Óli og Vala vinir?

Hverjir leika sér úti og búa til kökur úr mold?

Hvað setur Óli á sína köku?

Hvað notar Vala á sína köku?

Bls. 12

Á Óli kisu?

Kemur kisa oft heim til Völu?

Hvað gerir kisa úti í garði hjá Völu?

Hvar er lítil mús?

Hvað gerir kisa við holuna?

Hvað gerir músin?

Bls. 14.

Hver á kettlinga?

Hvað á kisan hans Óla marga kettlinga?

Hvað gerir Óli einn daginn?

Hvað heitir kettlingurinn sem Óli gefur Völu?

Hvar á Gosi að sofa?

Hvað fær Gosi að drekka?

Þykir Völu vænt um Gosa?

Bls. 16

Er sól í dag?

Er rigning í dag?

Leika Vala og Óli úti?

Hvar leika Vala og Óli?

Hvað á Vala?

Hvað gera Vala og Óli?

Bls. 18.

Hvert fara Óli og Vala?

Hvað ætla þau að gera þar?

Hverja hitta þau?

Bítur fiskur á?

Sigríður Ólafsdóttir 2004

Bls. 20.

Hver gefur krökkunum fisk?

Hvað gera þau við fiskinn?

Bls. 22.

Hver hefur mikið að gera?

Af hverju hafa mamma og Vala mikið að gera?

Hvað gerir mamma?

Hvað gerir Vala?

Hvað eiga gestirnir að fá?

Bls.24.

Hvað er Vala nú gömul?

Hverjir koma í afmælið?

Fær Vala pakka?

Hvað fá gestirnir?

Bls. 26.

Hvert fara mamma, pabbi og Vala?

Hvar á amma heima?

Á amma heima langt í burtu?

Hvar borða pabbi, mamma og Vala nestið sitt?

Hvað finnur Vala þar?

Bls. 28.

Á amma heima í litlu húsi?

Hvað sér Vala út um gluggana hjá ömmu?

Hvenær fara pabbi og mamma heim?

Hvað fær Vala að vera lengi hjá ömmu?

Bls. 30.

Hvernig er bíllinn hennar ömmu á litinn?

Eru margir bílar í borginni?

Er margt fólk í borginni?

Eru margir bílar í sveitinni?

Er margt fólk í sveitinni?

Hvað fá amma og Vala sér á veitingahúsi?

Bls. 32.

Hvað kaupa amma og Vala í stóru búðinni?

Af hverju vola óþægir krakkar í búðinni?

Bls. 34.

Hvað gerir amma í eldhúsinu?

Hvað gerir Vala í eldhúsinu?

Finnst Völu gott að vera hjá ömmu?

Bls. 36

Hver á heima í næstu íbúð við ömmu?

Hvað er hún gömul?

Hvert fara Vala og Lóa?

Finnst þeim gaman í sundi?

Fer amma líka í sund?

Hvað fá Vala og Lóa að borða heima hjá ömmu?

Bls. 38.

Fer Vala heim með bíl?

Vill Vala fara aftur heim til pabba og mömmu?

Var Vala ánægð hjá ömmu?

Á Vala heima í borg eins og amma?

Sigríður Ólafsdóttir 2004

Á Vala heima í blokk eins og amma?

Átt þú heima í borg eða í sveit?

Átt þú heima í blokk?